



## VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 6/2012

### Álagning dagsekta á Höfuð-Verk ehf. vegna vanrækslu á að tilkynna vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins

#### I.

##### Málavextir

Við samanburð á gögnum Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlits ríkisins kom í ljós að tilkynning um vinnuslys er xxxxxxxxxxxx, kt. xxxxxx-xxxx varð fyrir við störf sín hjá Höfuð-Verk ehf., kt. 680509-0930 þann xxxxxxxxxxxx hafði borist Sjúkratryggingum Íslands en ekki Vinnueftirliti ríkisins. Með bréfi dags. 23. maí 2011 var Höfuð-Verk ehf. gefin fyrirmæli um að tilkynna vinnuslysið til Vinnueftirlits ríkisins. Þar sem engin tilkynning barst var með bréfi dags. 6. desember 2011 fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins frá 23. maí 2011 ítrekuð. Engin svör bárust.

Með bréfi dags. 10. apríl 2012 var Höfuð-Verk ehf. sent bréf þar sem gerðar voru kröfur um úrbætur skv. ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins dags. 23. maí 2011 og athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja á dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Höfuð-Verk ehf. var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Ekkert svar barst stofnuninni.

#### II.

##### Niðurstaða

Skv. 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er það m.a. tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Skv. 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögunum. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Skv. 1. másl. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins án ástæðulausrar tafar um öll vinnuslys þar sem starfsmaður er óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Að auki skal tilkynna slys þar

sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni eigi síðar en innan sólarhrings. Með langvinnu eða varanlegu heilsutjóni er meðal annars átt við tilvik þar sem hinn slasaði missir útlím eða hluta af útlím, beinbrotnar, fer úr lið, fær meiri háttar sár, missir meðvitund, hlýtur skemmdir á taugavef, verður fyrir alvarlegu augnslysi, innvortis meiðslum eða mengun. Skv. 1. másl. 2. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 ber atvinnurekanda innan viku að tilkynna skriflega um slysið til Vinnueftirlits ríkisins.

Mikilvægt er að atvinnurekendur sinni skyldum sínum við tilkynningu á slysum og óhöppum svo að unnt sé að gera viðunandi úrbætur í því skyni að koma megi í veg fyrir að slys endurtaki sig m.a. með rannsókn Vinnueftirlits ríkisins á orsökum þess, sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980. Enn fremur er þýðingarmikið að tilkynningaskyldu sé sinnt svo skráning slysa megi vera sem nákvæmust. Er þannig unnt að fylgjast með tíðni slysa í því skyni að sjá hvar sérstakra forvarna er þörf svo unnt sé að draga úr fjölda slysa í einstökum atvinnugreinum. Tilkynning Höfuð-Verk ehf. til Sjúkratrygginga Íslands ber skýrlega með sér að slysið falli undir 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og því er það tilkynningarskylt skv. sömu grein.

Þar sem Höfuð-Verk ehf. hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

### III. Ákvörðunarorð

**„Höfuð-Verk ehf., kt. 680509-0930, hefur brotið gegn 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.**

**Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Höfuð-Verk ehf. Skal Höfuð-Verk ehf. greiða kr. 5.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 23. maí 2011.”**

Vinnueftirlit ríkisins

Björn Þór Rögnvaldsson